

# MONITOR



**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



# Rizzo Pizzeria

## Grilldagur í júlí

# 20% afsláttur

**SPICY VEFJA**  
~~990 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **790 KR**

**KJÚKLINGASAMLOKA**  
~~1390 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1120 KR**

**CESAR SALAT**  
~~1590 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1270 KR**

**PIRI PIRI**  
~~1690 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1350 KR**

**TANDOORI KJÚKLINGUR**  
~~1690 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1350 KR**



GRENSÁSVEGI 10

108 REYKJAVÍK

WWW.RIZZO.IS

**577-7000**



Efst í huga Monitor þessa vikuna er fjall jákvæðinnar. Hvað ætli leynist á toppi þess? Sendu okkur svarið ef þú veist það.



## Raggi Bjarna og candy floss

ÍVAR ER VESTURBÆINGUR OG GENGUR BARA Í RÖNDÓTTU

Það verður mikið stuð og mikið gaman á morgun, föstudag, þegar **Jafningjafræðsla Hins hússins** fagnar forvarnarstarfi sínu með Götuhátíð á Austurvelli. **Dagur Sigurðsson** sem vann **Söngkeppni framhaldsskólanna** kemur fram í fyrsta skipti með nýrri hljómsveit sinni sem enn er nafnlaus og án gítarleikara.

„Við erum rétt að byrja, við erum búnir að æfa tvisvar saman. Við tökum Vitskert vera, lagið sem ég vann með í Söngkeppninni í vor en svo er óvíst hvort við fáum að taka fleiri lög. Þau hjá Jafningjafræðslunni sögðu að við ættum bara að taka eitt lag en ég held að við búum bara til syrpu með nokkrum lögum og rennum í það án þess að stoppa á milli. Það er nefnilega ekkert sem segir að eitt lag geti ekki verið 10 mínútur eða svo,“ segir Dagur í húrrandi góðum gir. „Við erum reyndar ekki komnir með neitt nafn á hljómsveitina svo hún heitir bara Dagur í augnablikinu.“ MR-ingarnir af Nesinu, þeir Róbert og Björn spila á trommur og bassa en hver spilar á gítar? „Við eigum eftir að finna gítarleikara og við þurfum að redda því fyrir Jafningjafræðslugiggjó. Við erum reyndar með einn í huga en þangað til spila ég bara á gítarinn og syng. Ef eldskírmin gengur vel á Austurvelli þá er bara að bretta upp emar og koma þessu almennilega í gang. Stefnan er að semja eigið efni og það kæmi ekkert á óvart ef það yrði undir áhrifum frá einhverjum gömlum rokkurum. Bítarnir og Led Zeppelin eru náttúrulega í miklu uppáhaldi. Við ætlum að gera allt vitlaust þarna

á föstudaginn. Ætli við verðum ekki í spandex og með líkamsmálningu.“

### Fagna farsælu starfi

„Við höldum þessa tónleika af tveimur ástæðum. Annars vegar viljum við fagna því starfi sem við erum að vinna og hins vegar viljum við vekja athygli á Jafningjafræðslunni og því sem hún stendur fyrir,“ segir Ívar Sævarsson einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Jafningjafræðslan var stofnuð árið 1996 og fagnar því 15 ára starfsafmæli um þessar mundir. Markmið hennar er einfalt en það er að „ungir fræði unga“. „Þetta sumarið erum við að tala við unga krakka sem eru fæddir árin 1995 og 1996 um almennar forvarnir eins og til dæmis áfengi, tölvuleiki og vímuefni. Í ár erum við í sérstöku átaki gegn kannabis en mesta áherslan í fræðslunni er þó alltaf á sterka sjálfsmynd. Ef okkur tekst að efla sjálfsmynd krakkanna þá eiga þau auðveldara með að taka sjálfstæðar ákvarðanir og halda sig á beinu brautinni. Það verður nóg um að vera á Austurvelli en þar verður fatamarkaður og svo ætlum við að gefa smokka. Hver vill ekki frían smokk? Mesta

stuðið verður svo auðvitað á sviðinu en þar ætla hellingurinn allur af flottu listafólki að halda uppí stemningunni og erum við þeim mjög þakklát þar sem þau eru öll að gefa sína vinnu. Það er morgunljóst að þar sem Haffi Haff og Raggi Bjarna mæta þar er gaman. Svo lítur veðurspáin alveg einstaklega vel út svo það stefnir allt í ljúfan föstudag. Ég hvet alla til þess að mæta á Austurvöll, slaka á í sólinni, hlusta á góða tónlist og fá sér pylsur og candy floss.“

SEM BETUR FER KANN DAGUR Á GÍTAR



## Feitast í blaðinu

Fjórir drengir úr **U20 landsliðinu** fara til Bandaríkjanna í haust. >>4

**Besta útihátíðin** er á allra vörum. Hverjum eigum við von á? >>6

**Matti Matt** er vinur Sjonna, Papi, gull af manni og svo miklu meira. >>8

**Stíllinn** kíkta í fataskápin hjá Tinnu Sværissd. sem elskar vesti. >>12

Hinn marksækni **Kristinn Steindórs-son** spreytir sig á Lokaprófinu. >>14

Efst í huga Monitor

## Þetta mun allt fara vel.

Það hefur eflaust verið trega-fullur lestur í síðustu viku fyrir lesendur Monitor þegar Björn Bragi Arnarsson, eða Svínkinn eins og hann er oft kallaður, kvaddi okkur með tárum hér í þessu sama plássi. Þessi eldklári, hnyttni og þrífalegi ritstjóri átti einstaklega auðvelt með að þefa upp hæfileikafólk sem var að gera góða hluti. Það var alveg sama hvort það var í tónlist, íþróttum, leiklist eða einhverju öðru; svo lengi sem fólk var að gera eitthvað jákvætt og áhugavert þá átti það heima í Monitor.

Sámán saman hefur Monitor-skútan fengið sterkari byr í seglin og upp á síðkastið hefur hún siglt á fullri ferð. Það er því mikil áskorun fyrir mig að fylla skarð þessa mikla sómapilts sem heldur á vit nýrra ævintýra en um leið bíður mín alveg einstaklega

skemmtilegt verkefni. Framundan er ferðalag í fylgd með skemmtilegu samstarfsfólki, flottum viðmælendum og einstaklega fallegum lesendum.

Það er oft talað um það í fótboltanum að þjálfarar breyti ekki sigurliði og það á svo sannarlega við í þessu tilvik. Þó svo að nú sé kominn nýr maður í brúna þá er algjör óþarfi að fara að hrófla við efnistöku blaðsins því fólk vill geta lesið eitthvað hressst með kaffinu.

Við munum því halda áfram að klífa fjall jákvæðinnar og gera okkar besta við að búa til góða affreyningu. Hafir þú frá einhverju skemmtilegu að segja þá ekki hika við að senda okkur vefpóst á monitor@monitor.is því við ætlum að halda merkjum Svínkans á lofti

og gera áhugaverðu hæfileikafólki hátt undir höfði.

Bless Björn. Halló framtíð.

Ykkar einlægur,  
Jón Ragnar



Á MEDAN ALLT LÉK Í LYNDI

## Monitor mælir með

### Í MAGANN

Þegar á að leyfa sér smá munað þá er upplagt að gera sér ferð í Muffin bakery í



Hamraborginni en þar er daglega bakaður fjöldinn allur af gómsætum formkökum. Bláberja-, súkkulaði-, epla- og karamellu-bragðtegundirnar bragðast eins og hamingjan sjálf.

### Í MUNNINN



Ef þú vilt komast í góðan sumarfiling en nennir ekki að grilla þá er upplagt að drífa sig með vinunum á

Grillmarkaðinn. Þar grilla kokkarnir ofan í þig dýrindis rétti og notast þar við íslenskt gæða hráefni. Gott í gogginn? Það held ég nú.

### Í KVERKANA

Í golfskálunum í Grafarholtinu leynist alveg einstaklega góður veitingastaður. Þó svo hann láti ekki mikið fyrir sér fara þá virðist hver einasti réttur vera lostæti. Það er alveg tilvalið að smella sér í



polo-bolinn og setja á sig derhúfu og þykjast eiga erindi upp í félagshúsið, þó það væri nú ekki nema bara til að fá sér indverska kjúklinginn hjá þeim.

## Vikan á...

## facebook



**Atli Fannar Bjarkason** Rússnesk rúletta dagsins: Hjólaði í

stuttbuxum í vinnuna í morgun - en hvernig verður veðrið klukkan 17? Fylgist með...

6. júlí kl. 10:00



**Jói Kjartans** Vá hvað það er hæfilega svalt á Íslandi. Norðanáttin gerir allt svalt, bæði andrúmsloft og tónlistarfólk.

5. júlí kl. 12:41



**Einar Bardarson** Á einhver Liverpool búning í XXXL fyrir mig?

Þú rauði dagurinn á Kananum á föstudag!

5. júlí kl. 11:12



**Logi Geirsson** Ég þarf að fá mér fornbíl, það er alveg á hreinu ;) er ad cruisa á cadillac með blæju!!

2. júlí kl. 15:14



**Tómas Leifsson** Hvað er verið að drulla yfir Transformers

3? Hún var gegguð og er ein besta mynd ársins hingað til. Kv. Rýnirinn.

1. júlí kl. 10:00

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) Umbrot: George Kristófer Young (george@mbl.is) Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Árni Sæberg (saeberg@mbl.is)

Grafik: Elín Esther Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136



# KÖRFUBOLTA-STRÁKARNIR OKKAR

U20 landslið Íslands í körfubolta keppir í B-deild á EM seinna í mánuðinum sem fram fer í Sarajevo. Í liðinu eru jafnframt fjórir strákar sem koma til með að spila í bandarískum háskólakörfubolta næsta vetur.

Við Íslendingar eigum ekki bara efnilegt ungmennalandslið í fótbolta því nú í sumar er U20 landslið í körfubolta á leið á Evrópumót. Þeir Haukur, Oddur og Tómas eru á meðal liðsmanna en liðið undirbýr sig af kappi fyrir átökin þessa dagana. Þremmingarnir eru jafnframt allir á mála hjá bandarískum háskólaliðum sem þeir spila með næsta vetur. Ægir Þór Steinarsson er fjórði maður þessa landsliðs sem spilar með háskólaliði í Bandaríkjunum en hann komst ekki í myndatökuna því hann þorði ekki að biðja um frí frá vinnu, hann var búinn að gera það svo oft í sumar. Á mótinu mæta okkar menn Ísrael, Belgíu, Hvíta-Rússlandi og Bosníu í riðlakeppninni sem áhugavert verður að fylgjast með.

## Samherjar síðan í 8. bekk

„Þeir sem vinna þessa B-deild fá að keppa í A-deild á næsta ári. Þetta er reyndar í fyrsta skipti í langan tíma sem Ísland sendir U20 landslið.“ segir Tómas. „Við fengum þetta tækifæri því við höfum orðið Norðurlandameistarar tvisvar svo við eigum að vera þokkalega sterkt lið.“ Tómas spilaði með Fjölni í vetur en fer til Bandaríkjanna fjótlega eftir Evrópumótið. „Við Ægir, sem var með mér í Fjölni, förum saman í þennan skóla, við höfum í rauninni verið að spila saman síðan í 8. bekk.“

### TÓMAS HEIÐAR TÓMASSON

**Fæðingardagur:** 12. september 1991  
**Háskólalið:** Newberry College.  
**Upphaldslið í NBA:** New York Knicks.  
**Upphaldskörfuboltamaður:** Allan Houston.

### ODDUR ÓLAFSSON

**Fæðingardagur:** 17. nóvember 1992  
**Háskólalið:** Birmingham Southern College.  
**Upphaldslið í NBA:** Miami Heat.  
**Upphaldskörfuboltamaður:** Dwayne Wade.

### HAUKUR HELGI PÁLSSON

**Fæðingardagur:** 18. maí 1992  
**Háskólalið:** Maryland University.  
**Upphaldslið í NBA:** LA Lakers.  
**Upphaldskörfuboltamaður:** Kobe Bryant.

### 500 VINABEIÐNIR EFTIR FYRSTA LEIK

„Það eru 37.000 manns í Maryland, skólanum mínum, og það er alltaf eitthvað í gangi. Það eru að meðaltali 10.000 manns á leik en þegar við keppum á móti Duke eða North Carolina þá mæta 18.000. Í vetur dekkaði ég einn sem var verið að velja í NBA, Kyle Singler og svo var einn liðsfélagi minn valinn í NBA líka. Ég man að eftir fyrsta leikinn þá varð allt brjáláð á Facebook, maður var ekkert að hata það. Ég held að ég hafi fengið 500 „friend request“ á Facebook. Annars eru bara æfingar alla daga og lyftingar. Úti er einhvern veginn miklu meiri umgjörð um körfuboltann. Það er virkilega vel séð um liðsmennina, þetta er allt mjög atvinnumannalegt þótt þetta sé bara háskólalið.“ segir Haukur en langtímamarkmið hans í körfunni er að geta lífað á körfuboltanum.


### EINI HVÍTI GÆINN Í LIÐINU

„Ég var í „high school“ síðasta vetur með liði í Norður-Karólínu en færi mig núna yfir til Alabama í „college“. Ég fór þarna út sem hálfgerður skiptinemi og bjó hjá fjölskyldu þar sem mamma vann í skólanum. Boltinn þarna úti er dálítið öðruvísi, leiktíminn er fjórum sinnum átta mínútur og það er engin skotklukka, þannig að það tók dálítinn tíma að venjast því. Samherjarnir voru mjög góðir en ég var eini hvíti maðurinn í liðinu, það var svolítið spes. Annars eru Amerikanarnir voða opnir og maður upplifði sig mjög velkominn alveg frá því að maður kom.“ segir Oddur og segist ekki endilega vera með neitt langtímamarkmið annað en að stefna að því að klára árin fjögur hjá Birmingham.



# Fuel For Life

DENIM COLLECTION



**USE WITH  
CAUTION**



**DIESEL**  
THE NEW SEXY FRAGRANCE

FOR HIM & FOR HER



Besta útihátíðin 8. – 10. júlí

# Hún er að **BRESTA** á

**Gaddstaðaflatir við Hellsu** verða svo sannarlega staðurinn til að vera á um helgina þegar sannreynt skal hvort **Besta** útihátíðin beri nafn með rentu.



### ÞAÐ ÆTLA ALLIR AÐ MÆTA

Ingó í Veðurguðunum

„Þetta verður eins flott og það getur orðið þegar um er að ræða útihátíð á Íslandi sem er ekki þjóðhátíð. Síðustu vikuna hef ég ekki hitt neinn sem er ekki að fara á þessa hátíð, það er sama hvað maður fer, það eru allir að fara. Þetta stefnir í alvörupartí. Við tökum bara klassískt ball, það verður mikil keyrsla og sjötíu mínútur af lögum sem fólk kann og getur dillað sér með.“



### ALGJÖR STURLUN

Bent í XXX Rottweiler

„Þetta verður bara algjör sturlun. Við tökum þarna langt og gott „show“ og tökum lög sem spanna tólf ára feril. Þá erum við að tala um glænýja hittara og eldgamalt stöff. Allt frá „Þér er ekki boðið“ yfir í „Viltu dikk?“ og „Allir eru að fá sér“. Við verðum á sviðinu um miðnætti á laugardeginum. Þetta verður tryllt, það er alltaf gaman að spila fyrir svona ógeðslega mikið af fólki.“

### SETJUM Í TEKNÓGÍRINN

Biggi Veira í Gusgus

„Við spilum á laugardagskvöldið. Við ætlum bara að setja í einhvern stífan teknógír og sjá hvað við komumst langt á honum. Þetta verður bara stuð.“



### FÖSTUDAGUR

Í svörtum fötum

SSSól

Hvannaldsbræður

Ingó og Veðurguðmír

Skítamóráll

### FÖRUM „ALL IN“ Á BESTU

Emmsjé Gauti

„Það má búast við vangefni stöngu. Sjöberg, Berndsen, Rósa og hann Úlfur Úlfur verða með mér á sviðinu, þannig að þetta verður mjög blandað og flott „show“. Við förum „all in“ á Bestu.“



**BESTA**  
ÚTIHÁTÍÐIN 2011

Vertu með GusGus og Quarashi í tölvunni

Hlustaðu á frábæra lagalista á <http://besta.ring.is> með GusGus og Quarashi í boði Ring og deildu þeim með öllum vinum þínum.

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

VERTU MED



# Ef strumpanir verða hvítir

## LAUGARDAGUR

### Quarashi

Fríðrik Dór

### XXX Rottweiler

Sveppi og Auddi

Dynamic

### Gus Gus

Steindi Jr. og Ásgeir

Kristmundur Axel

Legend

Vicky

Valdimar

Agent Fresco

Trausti Laufdal

The Dandelion Seeds

Of Monsters and Men

The Vintage Caravan

Berndsen

### Emmsjé Gauti

Beðið er eftir endurkomu **Quarashi** af mikilli eftirvæntingu. Steini úr Quarashi fræddi **Monitor** um stemninguna hjá bandinu fyrir **Bestu** útihátíðinni.

**Quarashi er væntanlega að æfa á milljón sem stendur. Erud þið bara í sveittri bílskúrsstemningu?**

Já, hér eru bara svartir veggir og sveitt stemning. Við erum að taka „lock in“ í heila viku. Við ætlum nú að vera í gamla skúrum þar sem þetta byrjaði allt saman en hann er að hrúni kominn, því miður. Það var mikil sál í honum.

**Við hverju má búast frá ykkur um helgina?**

Bara „mothafucking kick-ass performance“. Við erum í geggjúðu stuði og lofum brjáluðu dæmi. Þeir sem ætla að sitja og taka því rólega komast ekki upp með það því slíkt verður brjálæðið.

**En hvað með framhaldið, er þetta eina gíggið ykkar?**

Það veit enginn.

**En þú vilt ekki segja hreint nei?**

No comment.

**Nú hafið þið fullorðnast dálítið síðan síðast og Sölvi er orðinn hagfræðingur. Ef þið semjið nýtt efni, má þá búast við þroskaðari lagasmíðum þar sem þið syngið um hagfræði og fleira slíkt? Ef strumpanir verða allt í einu hvítir þá já, sem sagt aldrei.**

**Hverjir stíga á svið fyrir hönd Quarashi?**

Það verða Sölvi, Hössi, Ómar, Egill „Tiny“ og Galdur ásamt mér. Opee dettur líka inn og tekur lagið.



STUNDIN ER RUNNIN UPP



**25% afsláttur**  
af öllum vespum og aukahlutum

**Ekta Vespa fæst  
aðeins hjá Heklu!**

Piaggio Vespa S 125, verð aðeins: ~~629.000 kr.~~ **471.750 kr.**

Piaggio Vespa LX 125, verð aðeins: ~~599.000 kr.~~ **449.250 kr.**

Piaggio Vespa LXV 125 - Afmælisútgáfa, verð: ~~689.000 kr.~~ **516.750 kr.**

**Vespa**<sup>®</sup>

www.vespur.is

**Sumarútsala**

Reynslan er góð!



Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



# Djöfulsins snillingur!

**Matthías Matthíasson** er þekktur undir ýmsum nöfnum, svo sem *Matti Papi*, en nýjasta viðurnefnið er *Matti úr Gulli af mönnum*. Hann er ofvirkur dellukarl sem tókst að létta sig um átján kíló á níu vikum.

■ ■ Hann skrifaði mér heillangt bréf þar sem hann þakkaði okkur fyrir að gera þetta lag. Hann sagðist hafa dreymt um þessa útgáfu lagsins í þrjátíu ár og að hann hefði grátið þegar hann heyrði hana.

Viðtalið





Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
Myndir: Arni Sæberg

einar@monitor.is  
saeberg@mbl.is

Matti Matt hefur verið einn mest áberandi söngvari landsins um langt skeið. Hann ólst upp á Dalvík en fluttist í bæinn 12 ára gamall. Fyrir fjórum árum sneri hann aftur til Dalvíkur og á nú sæti í bæjarstjórn. Í tónlistinni skaust hann fram á sjónarsviðið með hljómsveitinni Reggae on Ice sem gerði það gott á sveitaböllum á tíunda áratugnum en er sennilega þekktastur fyrir að vera nú í Pöpunum. Eftir Eurovision-törnina með Vinum Sjonna í vor er Matti nú að vinna að uppsetningu á Hárinu sem er að hefja göngu sína í Hörpunni.

#### Hvernig var að alast upp á Dalvík?

Það var dásamlegt og það er eiginlega ástæðan fyrir að ég fór aftur til Dalvíkur. Þegar ég fór að eignast börn sjálfur þá fannst mér ekkert voðalega gaman að vera með börnin í Reykjavík. Maður þurfti helst að vera með þau á lokuðum svæðum og mig langaði svo að þeir fengju þetta frelsi sem maður hafði þegar maður var lítill. Að fara að hjóla, á fótboltaæfingar, að veida og vera úti um allan bæ. Það er bara svo dásamlegt að vera lítill úti á landi.

#### Þú varst í reggíhljómsveit og ert nú duglegur við að halda á lofti írskri þjóðlagatónlist með Pöpunum. Hvernig tónlist hlustar þú sjálfur á heima hjá þér?

Ég er svolitill þunglyndispoppari. Ég er í annarri hljómsveit sem heitir Dúndurfréttir þar sem við erum að spila tónlist sem er kannski nær því sem ég er að hlusta á. Til dæmis Pink Floyd, Led Zeppelin og gamla 70's-rokkið og þunglyndismúsík. Ég elska að hlusta á Muse og er alger Queen-áddáandi og Bitill. Ég er að hlusta dálítið núna á Sufjan Stevens og svo var ég að fá disk gefins í Poppunkti um daginn með Vígra. Þeir eru frábærir, það er smá Pink Floyd þar í gangi. Flottur söngvari og vel gerður diskur.

#### Hafa Paparnir troðið upp í Papey?

Nei, en Jakob Frimann Magnússon var nú lengi vel með hugmynd um að Stuðmenn og Papar ættu að halda sameiginlegan dansleik í Papey. Ég segi nú bara sem betur fer varð það ekki að veruleika (hlær).

#### Hvert er eftirminnlegasta Papaballið?

Akkurat núna þá er það ball sem ég var að spila á Lopa-peysunni á Akranesi fyrir tvö þúsund manns í góðum félagsskap. Við komum þar fram og ég söng reyndar líka með Steinda. Það var alveg gull af mönnum fyrir allan peninginn þar.

#### Gull af mönnum með Steinda og félögum hefur einmitt verið ansi mikið spilað að undanfögnu. Hvernig fílar þú að syngja svona skemmtistaðatónlist?

Mér finnst það dásamlegt. Það er nú bara þannig með alla tónlist að ef hún er vel gerð, þá er gaman að gera hana. Það er alveg sama hvort það sé djass, popp, rokk, hipp hopp – góð tónlist er alltaf góð tónlist. Þeir eru að gera þetta svo vel þessir strákar, sérstaklega þeir í Redd Lights. Síðan er Bent einhvers konar snillingur við að búa til laglinur og dót sem virkar. Þetta var skemmtilegt samstarf og ég væri til í að gera meira svona.

#### Hversu margir hafa stoppað þig niðri í bæ til að syngja línuna „djöfulsins snillingur!“ úr laginu?

Svona um það bil fjögur hundruð manns, þetta er oft á hverjum degi. Mér finnst það gaman. Daginn eftir að þetta var synt lenti ég í því í Krínglumni að fólk var ekki lengur að þíska: „Hey, þetta er Matti úr Eurovision!“ heldur: „Hey, þetta er Matti úr Gulli af mönnum“. Það er miklu flottara.

#### Fyrir sextán árum stofnaðir þú hljómsveitina Dúndurfréttir ásamt félögum þínum. Hvernig atvikaðist það að þið félagarnir ákváðu að „covera“ ekki minni nöfn en Led Zeppelin og Pink Floyd?

Upphaflega kveikjan varð til á efri hæðinni á gamla Gauk á stöng. Við Pétur Örn sátum og vorum að drekka bjór og svo drukkum við aðeins meiri bjór. Þá fannst okkur alveg tilvalið að stofna hljómsveit svo við gætum skrifað á okkur bjór á Gauknum. Þá labbaði akkurat Óli Hólm trommari úr Nýdönsk inn í salinn og við kölluðum á hann: „Óli, þú verður að vera með okkur í hljómsveit og spila hérna í reikning!“ Hann var til í það og við ætluðum bara að spila uppáhaldstónlistina okkar. Við Pétur vorum þá búinir að ræða að værum miklir Floyd- og Zeppelin-menn svo það varð úr að við fórum að spila löginn þeirra og líka slagara eftir Deep Purple, Uriah Heep og fleiri góða.

Þessi hljómsveit fékk einhverja bestu umsögn sem hægt er að fá þegar tímaritið Rolling Stone kallaði hana „the best Pink Floyd and Led Zeppelin coverband ever“. Manstu hvar þú varst þegar þú fréttir þetta? Ég var niðri í bæ á labbi og þá hittum við Ara vin okkar sem var með blaðið og sýndi okkur þetta. Þeir voru í rauninni að skrifa um Gauk á stöng sem var þá búinn

## YFIRHEYRSLAN

Hvort kýstu að vera kallaður Matti úr Eurovision eða Matti Papi? Matti Matt bara. Vona að ég fari að komast á þann stað að vera bara þekktur fyrir að vera ég, og þær af leiðandi kenndur bara við sjálfan mig.



Led Zeppelin eða Pink Floyd? Já takk!

Papar eða Dúndurfréttir? Dúndurfréttir. (Ég fæ að monta mig miklu meira sem söngvari þar.)

Hvað væri draumagiggið? The Great Gig in the Sky.

Hvort myndir þú frekar vilja syngja dúett með John Lennon eða Freddie Mercury? Freddie Mercury, uppáhaldssöngvaranum mínum.



að vera starfandi í fjórtán ár eða eitthvað með tónlist á hverju kvöldi sem þótti einsdæmi í Evrópu. Rolling Stone-gæjarnir höfðu dottið akkurat inn á kvöldið sem við vorum að spila á.

#### Þaðuð þið ekkert í því að hætta þá og þegar til að ljúka þessu á toppnum?

Nei, nei, okkur langaði í meiri bjór og þurftum að spila meira (hlær). Maður veit alveg að það er margt skrifað og þetta er ekkert sem við erum að fara að sigra heiminn út á eða eitthvað svoleiðis. Við vorum alveg jarðbundnir yfir þessu en þetta var aðallega bara ofboðslega skemmtilegt. Það er ennþá verið að tala um þetta í dag en það eru þó líðin tíu ár frá því að þetta var skrifað.

#### Lag sem þú söngst í Eurovision-forkeppninni í vetur um Eyjafjallajökul vakti athygli. Er ekkert lag á leiðinni um Grímsvatnagosið?

Nei, reyndar ekki. Þegar ég heyrði þetta lag fyrst var ég örugglega jafnhissa og þegar aðrir heyrðu það fyrst. Þetta lag er bara algert brjálæði. Hann Matti Stef, sem samdi þetta og er með mér í Pöpunum, hann er brjálæður vísindamaður þegar kemur að tónlist. Hann er svolitill fyrir það að fara aðrir leiðir í tónlistinni og oft kemur út úr því mjög kraftmikið og flott dót. Ég sagði fyrst að ég vildi ekki syngja þetta en svo bað hann mig rosalega fallega og ég ákvað að slá til. Þetta er erfitt sönglag en við ákváðum að fara með þetta alla leið.

#### Eurovision-þáttaka þín og félag þinna í Vinum Sjonna ver eflaust skrytín á sinn hátt. Hvernig myndirðu lýsa þessu ævintýri?

Það er kannski einmitt best að lýsa þessu með orðinu „ævintýri“. Þetta var ofboðslega skemmtilegt og stundum svolitill súrt og allur tilfinningaskalinn hvað það varðar. Aðstæðurnar sem við fórum í keppnina til að byrja með eru náttúrulega hörmulegar en svo þegar öllu er á botninn hvolft þá held ég að Sjonna þætti sjálfum gaman, úr því að hann var að kveðja okkur á annað borð, að senda okkur alla félaganum í tveggja vikna utanlandsferð að syngja lagið hans í Eurovision. Þrátt fyrir aðstæður þá held ég að þetta sé á endanum mjög góður og eftirminnlegur tími.

#### Hvernig voru viðbrögð fólks og fjölmiðla í Þýskalandi við sögu lagsins ykkar?

Lagið sjálf fékk mjög góðar viðtökur og var að vinna rosalega mikið á allan tímann. Þegar horft er til atkvæðagreiðslu þá er sagan ekki að skila sér nema til svona fimm prósentna af þeim sem horfðu á keppnina. Þannig að lagið sannaði sig og okkur fannst það mjög mikilvægt. Það var búin að vera svolitill leiðindaumræða hérna heima að þetta væru samúðaratkvæði og eitthvað svoleiðis og það að lagið hafi komist upp úr undanúrslitunum þegar það átti að vera tölfraðilega ómögulegt, það var sigurinn fyrir okkur. Enda sést það á myndbands-upptökum frá því kvöldi hvernig við brugðumst við að þetta var kvöldið sem við unnum Eurovision.

#### Á sviðinu í Düsseldorf smelltirðu kossi á Vigni Snæ. Hvers vegna gerðir þú það og hvaðan kom sú hugmynd?

Upphaflega var þetta bara grín á æfingu en svo fannst okkur þetta passa mjög vel við. Þetta var náttúrulega „tribute“ fyrir Sjonna og hann var týpan sem faðmaði mann og kyssit á kinnina þegar maður hittir hann. Þetta var dálitill vísun í það.

#### Verður eitthvert framhald hjá Vinum Sjonna?

Við erum búinir að vera að spila þónokkuð mikið eftir að við komum heim, bæði fyrir nokkur góð málefni auk einhverra dansleikja. Þarna úti tókum við nú upp eitt lag á hótelhvergi sem fór strax í dreifingu þarna úti í Düsseldorf, lag sem Johnny Logan vann Eurovision með árið 1980, What's Another Year. Við höfum fengið skemmtilegar viðtökur við því lagi, sérstaklega erlendis. Ég fékk vinabeiðni á Facebook um daginn frá einhverjum sem heitir Shay Healy og ég kannaðist eitthvað við þetta nafn og þegar ég fletti honum upp á Wikipedia þá var þetta gaurinn sem samdi What's Another Year. Hann skrifaði mér heillangt bréf þar sem hann þakkaði okkur fyrir að gera þetta lag. Hann sagðist hafa dreymt um

þessa útgáfu lagsins í þrjátíu ár og að hann hefði grátið þegar hann heyrði hana. Ég er búinn að vera í svolitlu sambandi við hann síðan og hann vill endilega hittast úti á Írlandi og gera eitthvað saman, þannig að það er bara spennandi.

#### Nú ferðu með hlutverk Claude í Hárinu sem er að rúlla af stað í Hörpunni. Hvernig er þessi uppsetning þessa fræga söngleiks?

Hún er mjög frábregðin þeim uppsetningum hér á Íslandi, allavega þeim sem voru settar upp 1994 í Íslensku óperunni og 2004 í Austurbæ. Við leggjum meiri áherslu á söguna og dramatíkuna í henni, þetta er saga sem spannar allan tilfinningaskalann, frá ofurhamingju-sömum hippum niður í dýpsta svað dópsins, dauðann og allt slíkt. Þetta er ekki bara stuðsýningin Hárið þótt hún sé skemmtileg. Það sem maður sækist eftir í leikhúsi er náttúrulega hlátur og grátur. Við erum að keyra þetta í hringleikahúsi sem við erum búin að setja upp í Hörpunni þannig að fólk er miklu nær leikurunum og upplifir þetta meira beint í æð. Þessi uppsetning er líka dálítið söngvaramiðuð, söngvarinn var látinn ganga fyrir leikarann enda er þetta fyrst og fremst söngleikur.

#### Þú lékst líka í þessum söngleik fyrir einhverjum 17 árum. Fer ferillinn þinn í hringi?

Maður leitar kannski svolitill í það sem maður þekkir. Við sem erum að setja þetta upp heitum Silfurtunglið og erum fjórir einstaklingar sem unnum að Rocky Horror með Leikfélagi Akureyrar. Okkur langaði að gera eitthvað meira fyrir norðan og fórum að hugsa hvaða verk gæti hentað okkur vel og væri skemmtilegt. Svo fórum við að sanka að okkur líði sem okkur langaði að hafa með, góðir vinir okkar og fólk sem okkur líður vel í kringum. Það er svolitill andinn sem er í þessu hjá okkur, gamli góði hippafillingurinn. Við erum öll vinir, við erum öll að njóta þess að vera saman og ég held að það skíni svolitill í gegn.

**Enda sést það á myndbandsupptökum frá því kvöldi hvernig við brugðumst við að þetta var kvöldið sem við unnum Eurovision.**

#### Er nektarsenan með í þessari uppsetningu?

Það er alveg einhver nekt í sýningunni en við erum ekki með hina eiginlegu nektarsenu. Nektarsenan er svolitill táknaður og var til þess að sjokkera 1967 en í dag er nekt bara svo sjálfsögð. Svo er það eiginlega bara subbulegt að setja á svið svoleiðis senu hjá okkur þar sem nálægðin er svona mikil við áhorfendur, fólk myndi bara finna vona lykt.

#### Í vor var fjallað um að þú hefðir grennst mikið. Í hvernig átak fórstu og hvernig tókst þér til?

Þegar ég sá mig í sjónvarpinu í janúar að syngja Eldgosið þá fékk ég hálfgerð sjökk og hugsaði að þetta væri orðið gott. Það klikkaði eitthvað í hausnum á mér sem ég held að sé nauðsynlegt að gerist til þess að fólk tekið ákvörðun um að gera eitthvað í sínum málum. Það er miklu auðveldara að missa kíló heldur en að fá þau á sig, þetta er ekkert mál. Ég þurfti ekki einu sinni að fara í neina rosa líkamsrækt. Það var mikið að gera hjá mér, vorum að setja upp Hárið fyrir norðan og svona, svo ég breytti bara mataræðinu. Það eina sem ég gerði var að hætta að borða brauð, mjólkurvörur, viðbættan sykur og hætti að drekka bjór. Á níu vikum missti ég átján kíló og er búinn að missa einhver fjögur, fimm síðan þá og ætla mér svona tíu til fimmtán í viðbót, þá er ég orðinn finni.

#### Hvaða augnablik hafa verið toppar ferilsins hingað til?

Það verður náttúrulega seint toppað að standa á Eurovision-sviðinu úti. Tilfinningin að labba þarna inn með 37.000 manns öskrandi og stappandi var alveg ótrúleg. Ég man reyndar að ég upplifði einu sinni rosalegt augnablik með Dúndurfréttum. Þá vorum við að spila á tónleikum í Laugardalshöll með Sinfóníuhljómsveit Íslands og vorum að flytja The Wall og allt í einu hugsaði ég: „Vá, ég stend hérna á sviði fyrir framan fjögur þúsund manns, ég er fremst hérna, kann ekkert rosalega mikið á gítar en það eru hérna hundruð manns með mér sem eru ótrúlega góðir á hljóðfæri“ og ég fékk liggur við kökk í hálsinn. Það var eitt af stærri augnablikunum, ekki spurning.

#### Ég hef það frá vinum þínum að þú sért dellukarl. Játar þú því?

Ég er rosalegur dellukarl og þegar ég fæ einhverja dellu þá fer ég oftast mjög langt með hana. Ég fékk köfunardellu og er núna „master scuba diver“ með yfir tvö hundruð kafanir við Ísland. Svo datt ég í skotveiðina og þá á ég náttúrulega rosalegt vopnasafn. Sömu sögu er að segja um golfið, ég keypti mér flottasta golfsettið. Ég veit



ekki af hverju ég geri þetta, þetta hefur kannski eitthvað með það að gera að ég er ofvirkur með athyglisbrest. Þá á maður það til að fá svona dellur og fá ofureinbeitingu í ákveðnum hlut í ákveðinn tíma en svo bara hendur maður því í burtu. Ég hef til dæmis ekki kafað núna í níu ár.

**Þú ert sem sagt greindur ofvirkur með athyglisbrest?**

Árið 2004, þegar ég var tuttugu og níu ára gamall, þá var ég að vinna með einum vini mínum sem er ofvirkur og hann pantaði fyrir mig tíma hjá sálfræðingi án þess að segja mér frá því. Í gegnum sína eigin reynslu sá hann strax hvað var í gangi hjá mér. Síðan sendi hann mig til sálfræðingsins og eftir eins og hálf klukkutíma samtal þá er mér sagt að þetta sé borðleggjandi, að ég sé ofvirkur með athyglisbrest og þurfi á ritalíni að halda. Ég fór út í apótek og tók svo mína fyrstu ritalíntöflu og sótti síðan konuna mína í vinnuna. Vinur minn hafði þá sagt henni frá þessu svo hún spurði hvernig hefði gengið. Ég fór þá að segja henni frá fundinum með sálfræðingnum og hvernig allt hefði nú gengið fyrir sig. Eftir svona tíu mínútur, korter þá stoppar hún mig og segir: „Matti, gerir þú þér grein fyrir því að þetta er lengsta samtal sem við höfum átt síðan við byrjuðum saman?“

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir fyrir utan tónlistina?**

Það er að fara með strákana mína á fótboltaæfingar og fylgjast með þeim í því sem þeir eru að gera. Þeir komast ekki upp með neitt rugl, þeir eru hýddir áfram (hlær). Ég legg metnað í að þeir standi sig í því sem þeir eru að gera. Þeir eru í fótbolta, golfi og píanó.

**Eigum við eftir að sjá hljómsveitina The Matthíasson Brothers, samanber Jackson 5, í framtíðinni?**

Það kæmi mér ekkert á óvart því það er gríðarleg músík í þessum strákum. Ég á reyndar einn sem er bara níu mánaða en þeir eldri, sem eru sex og níu ára, þeir syngja svo fallega og eru svo klárir á hljóðfæri að þeir eiga það til að græta karlinn.

**Ef þú kæmir til með að eignast eitt barn í viðbót sem væri stelpa. Kæmi til greina að skíra hana Völu?**

Nei, það held ég ekki. Það er ekki af því að ég hef eitthvað á móti Völu Matt, hún er yndisleg. Þetta er bara sama ástæða og fyrir því að ég skírði engan strákanna Pálma.

## HRADASPURNINGAR

**Fyrstu sex:** 240975

**Upphaldsstaður í heiminum:** Heimilið mitt.

**Upphaldsmatur:** Sushi og rjúpur.

**Upphaldstónlistarmaður:** Freddie Mercury.

**Upphalds Pink Floyd-lag:** The Trial af Wall-plötunni.



with  
the  
beatles





A clear plastic bottle of Kristall Plus water is the central focus. The bottle is partially filled with water and has a brown cap. In front of the bottle, there are several slices of ginger and a whole orange along with a few orange slices. The background is a soft-focus green, suggesting an outdoor setting with foliage. A blue callout box with a white border is positioned to the right of the bottle, containing the main headline. A yellow callout box is attached to the bottle, highlighting the 'Engifer 6 vítamín' feature.

Engifer  
6 vítamín

# Nýtt og ferskt bragð

Engiferjurtin hefur verið notuð sem krydd og lækningajurt í þúsundir ára. Sem lækningajurt hefur hún m.a. verið notuð gegn kvefi og til að bæta meltingu. Hún inniheldur fjölmörg efnasambönd, þ.á.m. gingeról sem er öflugt andoxunarefni. Einnig er hún rík af kalíum og inniheldur auk þess kalk, sink, fosfór og C-vítamín.

**Smakkaðu nýjan Kristal Plus  
með sítrónu- og engiferbragði!**

Kristall **+**  
plus

Engifer  
6 vítamín

LÉTTKOLSÝRÐUR DRYKKUR MEÐ SÍTRÓNU- OG ENGIFERBRAGÐI

Kristall **+**  
plus

**Egils**





**ÞÆGILEGASTA**  
Sægrænbláa kósýpeysan mín sem ég keypti í Spútnik fyrir löngu. Hún er best í heimi og gengur einhvernvegin við allt. Ég nota hana upp í sófa, í skólanum og yfir fallegar flíkur á djamminu. Hún minnir mig líka alltaf á krúttlega stóra skrímlið í Monsters Inc. sem mér finnst frábært.

**SKRÍTNASTA**  
Brjáláði blómasumarsamfestingurinn minn er svakalegur. Ég er samfestingaóð og á ansi mörg stykki en þessi er frikaðastur. Hann er með risa herðarúðum og er bara dásamlegur að öllu leyti. Ég hef reyndar enn ekki fengið þann heiður að fara út í honum en ég hlakka mjög til að sjá hvernig fólk tekur honum.



# Vesti krydda upp á lífið og tilveruna

„Ég fíla þau í öllum stærðum og gerðum,“ segir **Tinna Sverrisdóttir** um ást sína á vestum. Hún leyfði **Stílnum** að kíkja í fataskápinn þessa vikuna.

Tinna Sverrisdóttir var að klára þriðja árið í leikaranámi við Listaháskóla Íslands og er þessa dagana að vinna í Hinu húsinu. „Ég og tvær góðar vinkonur mínar stofnuðum gjörningalishópinn SKARKALA og munum vinna með kvenímyndina og glæða borgina lífi með ýmsum uppákómum út júlímánud,“ segir Tinna um þessa spennandi sumarvinnu. „Framundan hjá mér er svo bara eintóm gleði; tónleikar, gönguferðir, brúðkaup, listsköpun, jeppaferðir, sumar og sól og svo byrjar nemendaleikhúsið í ágúst. Lífið er því ekkert nema ljúft þessa dagana!“ segir hin lífsglaða Tinna. Stíllinn spurði hana út í fatastílinn og hvaða flíkur væru ómissandi í sumar.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?** Litríkur indíána hippa rokk ömmustíll.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Ég verð að segja systir mömmu minnar. Hún er algjör snillingur og ótrúlega fær í höndunum. Hún tófrar fram ótrúlegustu hluti

á fáránlegum tíma svo það er alveg uppáhalds að fá eitthvað fallegt og heimagert frá henni.

**Hversu mörg sköpör átt þú?** Ég hef nú ekki tölu á þeim en ég hef alltaf verið þannig að ég kaupir mér góða og fallega skó og er svo í þeim þangað til lítið annað en reimarnar eru eftir. Í dag er ég mest í brúnu indíána-bomsunum mínum dagsdaglega, svörtum háum hælum þegar ég fer út á lífið og svo hlaupaskónum þess á milli. Annars á ég fullan skáp af skóm sem eru í fríi.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?** Ég myndi líklegast fá mér pínulítinn fil einhversstaðar á góðan stað, til dæmis á fingurgómann á lilla putta. Ég safna filum og þeir eru uppáhalds því þeir færa manni lukku og eru líka svo hrikalega sætir!

**Hvaða flík er ómissandi að þínu mati fyrir útlegurmar í sumar?** Lopapeysan, engin spurning! Ég á nokkrar sem koma sér vel en það eru tvær sem skara framúr. Ég keypti aðra í Kolaportinu og hina á markaði í Hinu húsinu. Önnur er bleik og hin er sægræn, báðar með mynstri. Þær eru dásamlegar því þær eru eins og stækkaðar barnalopapeysur, krúttlegar, litríkar og ekkert smá kósý.

**En fyrir sumarið?** Mér finnst flott vesti krydda upp á lífið og tilveruna og vera ómissandi fyrir sumarið. Ég fíla þau í öllum stærðum og gerðum; heklud, loð, galla, leður, ullar og bara það sem manni dettur í hug.



**ELSTA**  
Ég var svo heppin að finna elstu flíkina mína í kassa uppi á háalofti um daginn. Það er ungbarnagallinn sem ég var færð í heim af fæðingardeildinni. Án efa krúttlegasti samfestingurinn minn.

**FLOTTASTA**  
Tryllti litríki hippakjólinn minn sem ég keypti af vinkonu minni í Aftur er klárlega flottastur. Ég get ekki annað en verið glöð þegar ég klæðist honum og ég held líka að hann lýsi mér best af öllum flíkunum mínum!



**BESTA**  
Hvítu hreindýrapelsinn minn, Rúdolf, sem ég keypti í Rauða krossinum í vetur. Hann er gullfallegur, með hettu og maður gjörsamlega hverfur inn í hann. Að klæðast honum er eins og að vera inni í mjúku kandífloss snjóhúsi. Hann er líka klárlega það hlýjasta sem ég á, ég get klæðst honum og engu öðru og ekki fundið fyrir kulda. Ég lofa, ég hef prófað.

## fataskápurinn

**NÝJASTA**  
Klikkaðar bleikar gallastuttbuxur sem ég fékk frá tengdó fyrir nokkrum dögum. Þær eru úr H&M og munu vafalaust koma sér að góðum notum í sumar. Það nýjasta sem ég keypti mér sjálf er svo gylltur toppur úr Rokki og rósum. Hann er algjört diskó og það er fátt skemmtilegra en að klæðast honum við einhverjar töff buxur og dansa við Pál Óskar langt fram á rauðar nætur!



**DÝRASTA**  
Ég held að stúdentskjóllinn minn úr Day í Kringlunni sé dýrasta flíkin mín. Ég fékk hann í gjöf frá mömmu minni fyrir útskriftina mína fyrir nokkrum árum. Hann er úr silki og með milljón palliettum enda skarta ég honum aðeins við sérstök tilefni.





Þó svo að **Jodie Foster** sé sex árum yngri en **Mel Gibson** var hún fyrri til að leikstýra kvikmynd. Það gerði hún árið 1991 en Gibson leikstýrði sinni fyrstu árið 1993.



Daniel Craig hefur nýlengi við að leika sjóræningja í kvikmyndinni um Ævintýri Tinna en hann gjórsamlega hataði búninginn sem hann þurfti að klæðast. „Þar sem Steven Spielberg er að leikstýra myndinni þýddi það að fjöldi fólks mætti í heimsókn á tókustað. Menn á borð við Clint Eastwood og ég þurfti að heilsa þeim klæddur eins og sjóræningi, í sokkabuxum með myndavél á hausnum,“ sagði Craig. Tinna-myndin ber heitið The Adventures of Tintin: The Secret of the Unicorn og er væntanleg í desember.



Fregnir herma að Johnny Depp sé nálægt því að ganga frá samningum um að leika í fimmtu Pirates of the Caribbean-myndinni. Framleiðandinn Jerry Bruckheimer greindi frá því í maí að hann væri byrjaður að vinna að nýju handriti en sagðist jafnframt ekki ætla að gera myndina án Depp. „Það fer algjörlega eftir handritinu hvort hann er til í það. Hann vill ekki bregðast aðdáendum sínum,“ sagði Bruckheimer fyrir tveimur mánuðum. Svo virðist sem Depp lítist vel á handritið því heimildarmenn segja að hann ætli að slá til.



Angelina Jolie og Sarah Jessica Parker voru hæstlaunuðu leikkonur heims í fyrra með um 30 milljónir Bandaríkjadollara hvor. Þetta kemur fram í úttekt Forbes-tímaritsins. Tekjur Jolie koma að mestu frá tveimur stórmyndum sem hún lék í, Salt og The Tourist, en síðarnefnda myndin halaði inn 280 milljónum dollara. Tekjur Parker koma hins vegar frá endursýningum á Sex and the City í sjónvarpi og annari bíómyndinni sem gerð var upp úr þáttunum. Þá hefur hún einnig umtalsverðar tekjur úr tiskugeiranumt.



Í þriðja sæti listans eru þær Jennifer Aniston og Reese Witherspoon sem báðar þénuðu 28 milljónir dollara. Myndirnar sem skiluðu Aniston vel í veskið voru The Bounty Hunter og Just Go With It. Í fimmta sæti voru Julia Roberts og Twilight-leikkonan Kristen Stewart með 20 milljónir dollara hvor. Þar á eftir komu Katherine Heigl, Cameron Diaz, Sandra Bullock og Meryl Streep. Tekjur leikkvonnanna eru reiknaðar frá 1. maí 2010 til 1. maí 2011 og koma umbodsmenn, lögfræðingar og framleiðendur að útreikningum listans.



GIBSON ER ALVEG ÆSTUR Í BJÓRINN Í THE BEAVER

## Frumnýningar helgarinnar

### The Beaver


**Leikstjóri:** Jodie Foster.  
**Aðalhlutverk:** Cherry Jones, Jodie Foster, Mel Gibson, Anton Yelchin, Jennifer Lawrence og Michael Rivera.  
**Lengd:** 91 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 7,0 / Metacritic: 6,0 / Rotten Tomatoes: 63%  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka og Kringlunni.



Walter Black er þjakaður af sínum eigin þúkum og þjáist af miklu þunglyndi. Hann var áður fjölskyldumaður á framabratum en hefur tapað öllu og kona hefur vísað honum á dyr. Það er sama hvað Walter reynir, hann virðist ekki ná sér á strík. Það breytist þó þegar handbrúða í líki bjórskeppunnar birtist í lífi hans. Walter tekur upp á því að tjá sig í gegnum brúðuna og konunni hans og eldri syni list ekkert á blikuna. Þau ákveða að aðhafast ekkert þar sem yngri syni Walters þykir ansi vænt um brúðuna.

### Zookeeper

**Leikstjóri:** Frank Coraci.  
**Aðalhlutverk:** Kevin James, Ken Jeong, Donnie Wahlberg, Rosario Dawson og Nat Faxon.  
**Raddir:** Cher, Nick Nolte, Adam Sandler og Sylvester Stallone.  
**Lengd:** 104 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.



Kevin James leikur Griffin Keyes, góðhjartaðan dýragarðsvörð sem líður betur nálægt ljóni en dömu. Hann er sannfærður um að eina leiðin til að ná í draumastúlkuna sína sé að segja upp starfinu og fá sér nýja og flottari vinnu. Dýrin í dýrargarðinum, sem öll elska Griffin, list hörmulega á að missa Griffin og í örvæntingu sinni ákveða þau að rjúfa þögnina og afhjúpa leyndarmálið stóra; þau geta talað! Til að halda í Griffin ákveða dýrin að kenna honum hvernig maður nærir sér í kvenmann - samkvæmt lögmálum dýranna.

## KVIKMYND

### Ekki alveg nógu góð

Myndin fjallar í mjög stuttu máli um vélmenni úr geimnum sem tekið hafa höndum saman við mannfólkið til að m.a. verjast vondum vélmönnum sem vilja taka yfir jörðina.

Myndin byrjar vel og upphafsatriðið lofar góðu. En síðan fer fljótlega að halla undan fæti og það er eiginlega ekki fyrr en í lokakaflanum sem myndin nær sér aftur á strík. Tæknibrellurnar eru rosalegar og ég veit ekki hversu oft ég hugsaði með sjálfum mér „nei nei nei, hvernig er þetta gert?“. Það var meira að segja maður við hliðina á mér í bíóinu sem æpti stundum upp yfir sig, slík var upplifunin. 3D-ið kom aldrei þessu vant nokkuð vel út og þá sérstaklega í síðari hluta myndarinnar. Það er til dæmis eftirminnlegt atriði þar sem nokkrir hugrakkir hermenn stökkva út úr flugvél. Þar virkar 3D-ið og myndatakan þannig að það er líkt og maður svífir með þeim. Það var rosalegt og ég er ekki frá því að maðurinn sem sat við hliðina á mér í bíóinu hafi þá farið að gráta af geðshræringu. Tæknivinnsla var öll til fyrirmyndar, hljóð og mynd. Mikíð af stórum Michael Bay skotum sem virka vel í svona mynd. En því miður vó það neikvæða aðeins þyngra en það jákvæða. Mér fannst myndin t.a.m. alltof löng. Það hefði alveg verið hægt að stytta hana um svona helming. Það er mikíð af atriðum í myndinni sem bæta engu við og eru í raun bara til að lengja hana. Sem dæmi má nefna karakter sem John Malkovich leikur því erfitt er að átta sig á hvaða tilgangi hann þjónar öðrum en að lengja




myndina. Grínið í myndinni fannst mér líka vera alltof mikill reimingur. Margir karakterarnir voru rosalega ýktr. Svona svolítið eins og að horfa á alltof ýkta leikara í barnaleikriti þar sem börnin fara jafnvel að efast um geðheilbrigði leikaranna. Það var bara ekki alveg nógu myndið. Ég átta mig auðvitað á því að myndin á líka að ná til yngri kynslóðarinnar en mér fannst það bara koma of mikíð niður á heildaryfirbragði myndarinnar. Ekki ólíkt nýju Star Wars myndunum sem þjádust að hluta til af sama vanda máli. Ég hefði þó líklega fyrirgefið margt af þessu ef skemmtanagildi myndarinnar hefði verið mjög hátt allan tímann en svo var því miður ekki. Það komu kaflar og þá sérstaklega í fyrri hluta myndarinnar þar sem mér hreinlega leiddist. Flæðið var stundum skrítið og uppbyggingin alltof langdregin.

Þrátt fyrir að vera yfirleitt algjör sökker fyrir stórum Hollywood blokkbósterum þá geri ég samt alltaf kröfu um hátt skemmtanagildi. Ef það er ekki til staðar þá verða gallarnir alltof áberandi. Það sem stóð upp úr eru því rosalegar tæknibrellur og flottur lokakafli. En því miður ekki mikíð meira en það.



Kristján Sturla Bjarnason

## FERILLINN



### Mel Gibson

**Hæð:** 177 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** William Wallace í Braveheart.  
**Staðreynd:** Heitir fullu nafni Mel Columcille Gerard Gibson.  
**Eitruð tilvitnun:** „Leiklist er eins og lygi. Listin að ljúga vel. Ég fæ borgað fyrir vandaða lygi.“

**1956** Fæðist þann 3. janúar í Peekskill í New York. Hann var sjötti í röðinni af ellefu systkinum.

**1968** Flytur ásamt fjölskyldu sinni til Sydney í Ástralíu.

**1977** Útskrifast úr leiklistarskóla í Sydney, National Institute of Dramatic Art, þar sem lögð var meiri áhersla á leik á sviði heldur en á hvíta tjaldinu. Lékk einnig í sinni fyrstu kvikmynd, Summer City, og fékk að launum 400 dollara.

**1980** Giftist Robyn Moore sem hann kynntist þremur árum áður á ferð sinni með áströlsku leikhúsi.

**1985** Fær sinn fyrsta milljón dollara launaseðil fyrir að leika Max Rockatansky í myndinni Mad Max Beyond Thunderdome.

**1985** Er kosinn, fyrstur manna, kynþokkafyllsti karlmaðurinn af tímaritinu People.

**1987** Leikur Martin Riggs í fyrstu Lethal Weapon myndinni. Alls lék hann í fjórum slíkum með Danny Glover sér við hlið. Myndin festi hann í sessi sem einn af eftirsóttustu leikurum Hollywood.

**1995** Leikstýrir sinni annari kvikmynd, Braveheart og fer þar einnig með hlutverk William Wallace. Myndin hlaut fimm Óskarsverðlaun, meðal annars fyrir bestu leikstjórn og sem besta myndin.

**2004** Leikstýrir, framleiðir, fjármagnar og skrifar að hluta kvikmyndina The Passion of the Christ.

**2006** Handtekinn fyrir ölvunarastur og þurfti sökum þess að sækja sjálfhjálpafundi og vinna opinber sjálfboðastörf.

**2009** Robyn sækir um skilnað en þá höfðu þau búið sitt í hvoru lagi síðan 2006.





**VALDIMAR, ORPHIC OXTRA, OF MONSTERS AND MEN**  
Föstudagur 8. júlí  
Faktorý kl. 23

## Bara pláss fyrir einn básúnuleikara

„Þetta eru svona styrktartónleikar fyrir Orphic Oxtra. Þeir eru að fara að gefa út plötu og vantar smá pening. Við erum öll vinir svo þetta er bara smá vinagreiddi. Við eigum eftir að rukka það einhvern tímann aftur,“ segir Valdimar Guðmundsson sem kemur fram ásamt hljómsveit sinni á Faktorý á föstudagskvöld. „Etli við rukkum ekki inn greiðann þegar við förum og spilum í Staple Center í Los Angeles,“ segir hann í hæðnistón aðspurður um hvort ekki eigi að fara út að „meika“ það í brád. „Þetta er í raun bara upphitun fyrir hálfleiks-sýninguna á Ofurskálinni, úrslitaleik NFL. Smá Balkantónlist frá Valdimar og Orphic Oxtra myndi örugglega leggjast vel í Kanann.“ Ekki stendur það til að hljómsveitirnar taki lagið saman en Valdimar segir allt geta gerst. „Ég get þó ekki tekið í básúnuna með Orphic Oxtra því það er bara pláss fyrir einn básúnuleikara. Ef það eru tveir þá er alltaf hættu á að þeir fari að skyldast með básúnunum,“ bætur Valdimar við léttur í bragði. Aðgangseyrir á tónleikana er 1.000 krónur.

# fílófaxið

fimmtudagur 7 júlí laugardagur 9 júlí

**OF MONSTERS AND MEN OG VIGRI**  
Norðurljóllinn  
**21:00** Hljómsveitin Of Monsters and Men, sem sigraði Músiktilraunir í fyrra treður hér upp á fimmtu tónleikum tónleikaraðarinnar Rafmagnslaust á Norðurljóllinum. Þá mun Vigr einnig stíga á stökk en forsiðu-Matti fer einmitt fögrum orðum um þá í viðtalinu í miðju blaðsins. Miðaverð er 1500 krónur við hurð.

**föstudagur 8 júlí**  
**GÖTUHÁTÍÐ JAFNINGJA-FRÆÐSLUNNAR**  
Austurvöllur  
**14:00** Ýmsir listamenn troða upp og eyða bólu. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólar myndist. Við lofum því!

**SUMARFAGNAÐUR REYK VEEK**  
Íðusalir  
**14:00** Nýjar sivalir hafa verið opnaðar á Íðusólum þar sem hægt er að slaka á og liggja í sólbaði ef veður leyfir. Reyk Veed sér um að spila seiðandi tóna á meðan íslenskir hönnuðir sýna og selja list sína, gamlir safnarar selja plötur og Grand Marnier býður upp á léttar sumarveitingar. Fritt inn!

**TRÍÓ RAGNHEIÐAR GRÖNDAL**  
Jómfrúin  
**15:00** Veitingahúsið Jómfrúin við Lækjargötu hefur staðið fyrir tónleikaröð í sumar og nú mun Ragnheiður Gröndal stíga á svið ásamt Guðmundi Pétursyni, gítarleikara og Leifi Gunnarssyni, kontrabassaleikara. Sérstakur gestur tríósins verður gítarleikarinn Jón Páll Bjarnason. Aðgangur er ókeypis.

**ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?**  
monitor@monitor.is

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

**Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!**

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólar myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108  
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi  
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11  
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22

**Heilsubudin.is** - bætt útlit, betri líðan

# LOKAPRÓFIÐ

7. júlí 2011 | **MONITOR** skólinn

Ég heiti Kristinn Steindórsson Þegar ég var lítill og fólk sagði brandarann „Hvað er grænt og fellur á haustin?“ sagði ég

Þú veist hver ég er af því að þú býrd ekki í helli

Ef ég þyrfti að gera eitt af eftirfarandi myndi ég helst vilja

a) klippa táneglurnar á Arnóri Sveini, bakverði  
b) kúra með Ingvari Kale, markverði  
c) snyrta Kára Ársæls, fyrirlíða  
d) kreista bólu á Andra Yeoman, Yeah man

Af því að ég get ekki gert upp á milli

Ég hef skorað 8 mörk í sumar en þegar sumrinu lýkur verð ég búinn að skora fullt af mörkum

Það besta við fótboltann er

a) félagsskapurinn  
b) kvenhyllin  
c) úthaldið sem maður öðlast  
d) lyktin af nýslegnu grasi  
e) Vegna þess að hun er good shirt

Ólafur Kristjánsson, þjálfari, er fyrirmyndin mín

a) sem þjálfari  
b) í klæðaburði  
c) í viðtöllum  
d) sem fagmaður  
e) vona að hann sjái þessi stöf

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Hugh Jackman

tíl að leika mig en líflega yrði það samt Brad Pitt

Mesti húmoristinn í Breiðablik er

a) Guðmundur Kristjánsson, buff  
b) Ég sjálfur  
c) Jökull Elisabetarson, nagli  
d) Dylan Jacob Macallister, Ástrali  
e) Kan

Og það fyndnasta sem hann hefur sagt er eitthvað gaurm orðagrin

Eiginhandararitunin mín lítur svona út: Kiulinf #7

Það sem fáir yta um mig er að ég er 1/4 mexíkói

Ef ég væri ekki Kristinn Steindórsson myndi ég vilja vera

a) Kristinn Björnsson, skíðakappi  
b) Kristinn Jónsson, vinstri bakvörður Breiðabliks frá upphafi  
c) Kristinn Torfason, Íslandsmethafi í þristökki innanhúss  
d) Kristinn Jakobsson, knattspyrnu-dómari  
e) Heiðinn Steindórsson

Af því að mei finnst gaman að deitta

Uppáhaldsmaturinn minn er Kuklingur en það ógeðslegasta sem ég hef smakkað er kafa

Heitasta kona á Íslandi er

a) Unnur Birna  
b) Ragnhildur Steinunn  
c) Ornela Thelmuóttir  
d) Anna Jía  
e) Heiða Döfn

og ég myndi hana allan daginn tíl að komast á stefnumót með henni

Þegar ég skora þá tek ég fagn sem ég kys að kalla

a) Öndin  
b) Skógarþrósturinn  
c) Örninn  
d) Svanurinn aka Black Swan og El Cisne

Síðasta sms sem ég fékk var frá Kára Ársæls og í því stóð Sæll, líkur mig eða???

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Ef þú seid þetta þarftu að gefa mér 1000kr

## Síðast en ekki síst

» Þórunn Arna Kristjánsdóttir, leikkona, fílar:

**Kvikmynd:** The English Patient. Jóhannes Haukur kynnti mig fyrir þessari stórkostlegu mynd nýlega, klárlega uppáhalds!

**Plata:** Söngur Riddarans - lög við ljóð Páls Ólafssonar. Fallegustu ástarljóð í heimi ná nýjum hæðum á þessari plötu. Það er ótrúlega gott að hlusta á hana rétt áður en maður fer að sofa, kominn í náttfötin en á kannski eftir að klára uppvaskið, brjóta saman þínu þvott eða jafnvel skrifa á póstkort. Yndisleg síðsumarplata.

**Þáttur:** Á ekki sjónvarp en elska Despó (Desperate Housewives), á einstaklega auðvelt með að lifa mig inn í allt dramað hjá úthverfaskvísunum. Það er alltaf hátið hjá mér hver jól þegar ný sería kemur út.

**Bók:** Moleskine Berlínar bókin mín - hún er í stöðugri vinnslu en stútfull af spennandi hugmyndum sem bíða þess að verða prófaðar. Einhvern daginn verður hún afskaplega verðmæt.

**Vefsíða:** www.make-everything-ok.com, kiki reglulega hér inn, það er alveg ótrúlegt hvað þessi síða getur gert. Mæli með að tjékka á henni þessari, hún á eftir að breyta lífi þínu.

**Staður:** Ísafjörður, að tölta út í fjöru, setjast á stein, leyfa fjöllum að faðma sig og horfa á þau speglast í sléttum pollinum, maður kemst ekki mikið nær himnaríki, jú reyndar, ef maður man að taka súkkulaði með í nesti.



[www.opticalstudio.is](http://www.opticalstudio.is)



**Ray-Ban**<sup>®</sup> ...ný sending

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



# BESTA

ÚTIHÁTIÐIN 2011

3.000  
„llke“

ERU LÖÖÖNGU  
KOMIN. TÉKKAÐU  
Á LÖGUNUM!



## Vertu með næstu helgi!

Besta útihátíðin 2011  
Gaddstaðaflatir Hellu, 8.-10. júlí

Haltu í þér titringnum með því að hlusta  
á GusGus og Quarashi remix á <http://besta.ring.is>

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ